

## Menntun félagsráðgjafa

Guðrún Jónsdóttir, kennslustjóri í félagsráðgjöf  
við Háskóla Íslands



Mér er ætlað að fjalla hér um menntun félagsráðgjafa. Efnið býður upp á að hægt sé að nálgast það frá ýmsum sjónarhornum. Ég gæti t.d. gefið ykkur nákvæma lýsingu á menntun félagsráðgjafa við H.Í. og borið hana svo saman við menntun í öðrum löndum. Það finnst mér afar óspennandi aðferð og nánast tilgangslaus í þessu samhengi.

Ég hef því kosið að fara aðra leið, sem er kannski langsóttari, en hún felst í því að skoða félagsráðgjöf sem stofnun, þá hugmyndafræði sem er ríkjandi í greininni, þær kenningar, sem hún hefur tileinkað sér, og hvemjg þetta kemur fram í starfi. Mér er sem sagt lífsins ómögulegt að líta á menntun félagsráðgjafa sem einangrað fyrirbæri. Ég lít svo á að þegar fjallað er um félagsráðgjöf sem stofnun sé um að ræða samspil hugmyndafræði, þekkingar og færniþátta, þ.e.a.s. menntunina annarsvegar og hinsvegar þá mótunarþætti sem greinin verður fyrir á vettvangi, þ.e. áhrif ríkjandi stefnumótunar samfélagsins. Gagnrýni á félagsráðgjöf og umræða um hana er því, að mínu mati, jafnhliða óbein gagnrýni á menntunina og umræða um hana.

Í þessu erindi mínu byggji ég á þeirri forsendu að félagsráðgjöf sé pólitískt starf. Satt að segja ætti varla að þurfa að taka það fram en ég geri það vegna þess að ég veit að ekki

eru allir félagsráðgjafar á þeirri skoðun, sumir samsinna kannski að svo sé en sú skoðun er þeim ekki tiltæk eða áleitin í starfi. Ég ætla því að rökstyðja þessa fullyrðingu nokkrum orðum í fyrsta hluta erindisins. Sú umfjöllun leiðir óhjákvæmilega til hugleiðinga um eðli og hlutverk félagsráðgjafa en hún hefur verið gagnrýnd harðlega síðari ár, bæði af iðkendum hennar og öðrum.

Viðteknar ríkjandi skilgreiningar á félagsráðgjöf, hlutverki félagsráðgjafa og þeim fræðilegu kenningum sem greinin byggir á, þar með menntun félagsráðgjafa, allt hefur þetta verið gagnrýnt og endurskilgreint. Ég mun fjalla nokkuð um þessa gagnrýni og þær spurningar sem hún hlýtur að vekja um framtíðarþróun greinarinnar.

### Félagsráðgjöf er pólitísk

Ég mun víkja fyrst að rökstuðningi við þá fullyrðingu að félagsráðgjöf sé pólitískt starf.

Það getur verið freistandi fyrir félagsráðgjafa, stjórnmálamenn og stjórnendur að halda í þá trú að félagsráðgjöf sé ekki pólitísk í eðli sínu, að hún sé fagleg (professional), einstaklingsbundin þjónusta við fólk sem á í erfiðleikum eða

líður illa og eigi ekkert skylt við pólitísk í nokkrum skilningi. Þessi skoðun er nátengd og raunar einn af hornsteinum hefðbundinna hugmynda um fagmennsku (professionalism), þ.e. að félagsráðgjöf byggji á „vísindalegri“, hlutlægni sérþekkingu og starf félagsráðgjafans fari fram í einhverskonar pólitísku tómarúmi; hann er gerandinn, sá sem veit og kann, en skjólstæðingurinn er hinn vankunnandi þiggjandi. Þetta er ein skýringin á því að mörgum dylst pólitískt eðli greinarinnar.

Önnur skýring eru ríkjandi kenningar sem sveipa að jafnaði hugmyndafræðilegan bakgrunn sinn hulu „vísindalegs“ yfirbragðs og hugtaka.

Loks vil ég nefna sterka tilhneigingu valdhafa á hverjum tíma til að slíta félagsleg vandamál úr tengslum við ríkjandi stjórnmálaástand og færa ábyrgðina á þeim yfir á einstaklinginn, bæði á útbenslutfimum í starfsemi félagsráðgjafa sem og á samdráttartímum.

Chris Clark og Stewart Asquith orða það svo í bók sinni *Social Work and Social Philosophy* að siðfræði og pólitísk séu eins og Siams-tvíburar í félagsráðgjöf. Þeir leggja áherslu á að félagsráðgjöf sé ekki meira eða minna hlutlausar tæknilegar aðferðir eða færmi sem hægt er að beita til lausnar félagslegum



vandamálum. Þvert á móti séu siðfræði, siðfræðilegt mat og pólitísk órjúfanlega samofin í félagsráðgjöf. Sú staðreynd að félagsráðgjafar grípa inn í líff fólks með allskyns aðgerðum er í sjálfu sér sönnun þessa en fleira kemur til og benda ofangreindir höfundar á eftirfarandi sem frekari rökstuðning við fullyrðingu sína um pólitískt eðli greinarinnar.

Langflestir félagsráðgjafar starfa á stofnunum á vegum ríkis eða sveitarfélaga. Nokkrir vinna hjá sjálfseignarstofnunum en þær byggja starf sitt að miklu leyti á velvilja og fjárhagsstuðningi opinberra aðila og eru því háðar þeim. Loks vinna nokkrir á eigin vegum, selja vinnu sína á almennum markaði. Ákvörðunin að gera það er í eðli sínu pólitísk og endurspeglar pólitíska afstöðu.

Þær ákvarðanir sem við tökum daglega í starfi markast af þeim pólitíska ramma sem stjórnvöld setja, þeirri félagsmálastefnu og fjármálastefnu sem ríki og sveitarfélög hafa. Við framkvæmum stefnu stjórnvalda á hverjum tíma með ákvörðunum okkar um tiltekna hópa fólks og í félagsráðgjöf endurspeglast pólitískt eðli ákvarðananna í samþykki okkar, andstöðu eða hlutleysi gagnvart ríkjandi stefnu.

Fyrir nokkrum árum hættu félagsráðgjafar að afgreiða fjárhagsaðstoð á einni af hverfaskrifstofum Félagsmálastofnunar í Reykjavík vegna þess að þeir settu sig ekki við stefnu borgaryfirvalda varðandi fjárframlög til framfærslu. Sennilega getum við öll verið sammála um að þetta hafi verið pólitísk aðgerð en það hefði verið jafn pólitískt að gera ekki neitt. Þetta verður enn augljósara ef við fhugum félagsráðgjöf og félagsmálastefnu í sögulegu samhengi.

Ég ætla ekki að rekja söguna hér en minna á að rætur félagsráðgjafar er að finna í kristilegri frjálslyndri hugmyndafræði og pólitísk sýðari hluta nítjándu aldar. Þá var pólitísk samstaða um það meðal stjórnmalamanna og góðgerðarfyrirtækja að eðlilegt væri að skipta þeim, sem þurftu á aðstoð að halda, í verðuga og óverðuga og gæta þess jafnframt að aðstoðin væri lakari en þau kjör sem fátækasta launafólkið bjó við á hverjum tíma svo að enginn freistast til að þiggja aðstoð í stað þess að vinna. Í hlut félagsráðgjafa kom að sinna hinum verðuga fátæku, þeim sem á nútíma fagmáli eru taldir geta nýtt sér endurhæfingu, og veita þeim skipulagða og persónulega aðstoð.

Á þessum tíma og síðar í sögu félagsráðgjafar stóðu félagsráðgjafar hjá eða studdu slíka stefnu í félagslegum og pólitískum sviptingum fyrstu áratuga þessarar aldar. Forsvarsmenn breskra félagsráðgjafa börðust t.d. gegn byggingu félagslegra íbúða og ellilaunum í Bretlandi um 1909.

Við félagsráðgjafar tökum einnig þátt í því sem mætti nefna „heimaslóða“-pólitík. Hér er átt við stefnumörkun af ýmsu tagi og þann aragrúa ákvarðana sem teknar eru á vinnustað, stefnumörkun og ákvarðanir sem snerta líff fólks innan stofnunar og utan. Í heimaslóðapólitíkinni eru félagsráðgjafar þátttakendur í ákvörðunum og framkvæmdum.

Loks er að nefna að félagsráðgjöf er pólitísk í þeim skilningi að „hið persónulega er hið pólitíska“ (the personal is the political). Þetta slagorð feminista, sem á sér marxískar rætur, felur í sér áherslu á að persónulegar aðstæður og hagur fólks mótast af ytri félagslegum þáttum og félagsleg vandamál, sem virðast vera persónuleg, verða aðeins leyst með pólitískum aðgerðum. Þau

bera ekki vott um „sjúklegan“ einstakling, illa virkt kerfi (dysfunktion) eða frávik eins og hefðbundnar kenningar halda fram.

Félagsráðgjöf er því í hæsta máta pólitísk og ópólitískur starfandi félagsráðgjafi er ekki til.

### Skilgreiningarvandi og gagnrýni róttækrar félagsráðgjafar

Ein afleiðingin af pólitísku eðli félagsráðgjafar og hvernig við bregðumst við því er að okkur gengur afar illa að koma okkur niður á hvert sé eðli og hlutverk félagsráðgjafar. Hér ætla ég að reyna að vera stuttur því að þetta er gömul lumma sem mörg okkar hafa jafnþá á lengi og ekki unnið á enn.

Í fræðunum finnum við skilgreiningar á félagsráðgjöf þar sem hún er annars vegar túlkuð sem tæki til gagnkvæmrar aðlögunar einstaklings og samfélags innan gefinna marka. Félagsráðgjafanum ber að eyða árekstrum og togstreitu, miðla gæðum og aðlaga einstaklinga og hópa, sem villst hafa af rétttri leið, að þeim sameiginlegu gildum sem ríkja. Að mínu mati eru skilgreiningar í þessum dúr allsendis ófullnægjandi vegna þess að þær byggja á samstöðuhugmyndum þar sem engin grein er gerð fyrir hagsmunarárekstrum, valdamismun og misrétti. Þvert á móti ganga þær út á að viðhalda óbreyttu ástandi og stuðla að því að dylja pólitíska hlið félagsráðgjafar með áherslu á aðlögun einstaklingsins og að gera hann ábyrgan fyrir félagslegum vandamálum.

Hins vegar eru skilgreiningar höfunda sem kenna sig við róttæka félagsráðgjöf og byggja greiningu sína á marxískri hugmyndafræði. Þeir skilgreina félagsráðgjöf í stuttu



máli sem tæki ríkjandi valdhafa til þess að halda fólki í skefjum, tæki til að viðhalda óbreyttu ástandi. Milli þessara andstæðna má svo finna ýmsar skilgreiningar á greininni og hlutverki félagsráðgjafa sem fara bil beggja.

Ég ætla nú að víska að gagnrýni róttækra (radical) félagsráðgjafar og feminista og gera fyrst í stuttu máli grein fyrir á hvem hátt höfundar, sem aðhyllast róttæka félagsráðgjöf, rökstyðja áður nefndar skilgreiningar sínar á greininni.

Róttæk félagsráðgjöf varð áberandi upp úr 1968. T.d. spratt upp öflug hreyfing félagsráðgjafa í Bretlandi upp úr 1970 sem gagnrýndi greinina vægðarlaust og gaf í nokkur ár út fjölritað blað sem nefndist Case Con. Með þessari hreyfingu fóru ferskir vindar að blása um félagsráðgjöf þar í landi og raunar víðar. Sá sem einkum er tengdur þessum kenningum er Peter Leonard. Hann hefur gefið út tvær bækur um efnið, þá fyrri ásamt Corrigan 1978, Social Work Practice Under Capitalism, og hina síðari einn og heitir sú Personality and Ideology og kom út 1984.

Róttæk félagsráðgjöf byggir á áttakakenningu, marxískum hugtökum og femínískum kenningum, einkum síðari bók Leonards sem er greining á hvernig stétt, kyn og kynþáttur marka lífsreynslu og persónuleika fólks.

Gagnrýni róttækra hefur einkum beinst að taumhalds (control)-hlutverki félagsráðgjafar og að hvorki kenningar né starf taki mið af áhrifum kapitalísskagkerfis á félagslegan veruleika fólks. Þeir hafa undirstrikað að þáttur félagsráðgjafar og velferðarþjóðfélagsins í að draga úr félagslegri örbirgð sé hverfandi og að ríkjandi hugmyndafræði félagsráðgjafar byggir

enn sem fyrr á því að leita skýringa á fátækt fólks og félagslegum vandamálum í vanköntum þess.

Gagnrýni róttækra félagsráðgjafa beinist einnig að því að aðgerðir félagsráðgjafa komi skjólstæðingum ekki að gagni vegna þess að þær byggist ekki á skilgreiningum skjólstæðinganna sjálfra á þörfum sínum heldur sé markmið þeirra að aðlaga fólk að hefðbundnum gildum. Þeir benda einnig á að þetta gerist án nokkurra sannana fyrir því að slík endurhæfing beri árangur. Að álykta að vandamál fólks, sem leitar aðstoðar félagsráðgjafa, séu sprottin af ágöllum einstaklingsins fremur en að vera afleiðing félagslegra þátta leiði til brennimerkingar einstaklinganna (stigmatiseringar) og sjúkdómsgeri þá. Með því taki félagsráðgjafar þátt í að fela og draga úr pólitískum orsökum félagslegra vandamála.

Bolger og fleiri sýndu fram á það í bók sinni Towards a Socialist Welfare Practice, sem kom út 1981, að skjólstæðingar félagsráðgjafa gerðu sér fulla grein fyrir taumhalds- eða lögregluhlutverki félagsráðgjafar og þeim dytti ekki fyrst í hug að leita til félagsráðgjafa þegar þeir þyrftu á aðstoð að halda.

Loks bentu þessir höfundar á að upplýsingaöflun félagsráðgjafa um einkahagi fólks væri ógnun við samfélagsleg réttindi þess. Greining þeirra beindist einnig að því að skýra hversvegna félagsráðgjöf væri eins og þeir lýstu henni. Þeir greindu hana réttilega sem hluta af ríkiskerfinu og litu svo á að það hefði hefðbundinna hagsmuna að gæta í að viðhalda stéttskiptu þjóðfélagi. Það að félagsráðgjöf gegndi því hlutverki, sem hér hefur verið lýst og fólgið er í því að viðhalda óbreyttu ástandi, væri ekki vegna ills innrætis félagsráðgjafa heldur rökrétt afleiðing af tengslum þeirra

við ríkisvaldið og lítt pólitískri vitund þeirra.

Róttæk félagsráðgjöf skilgreindi verksvið félagsráðgjafans ótvífrætt á þann veg að honum bæri að berjast með skjólstæðingum sínum, standa vörð um hagsmuni þeirra og hvetja þá til að sjá vanda sinn í ljósi marxískrar þjóðfélagsgreiningar og draga þannig úr brennimerkingu þeirra. Slíkur skilningur yki styrk skjólstæðings og hann gerði sér ljóst að hann væri að berjast við ofurefli, orsakir sem hann einn og sér fengi ekki breytt.

### Gagnrýni feminista

Ég ætla nú að víska að gagnrýni, sem gagnrýnir þessa gagnrýni að hluta, bætur við hana en opnar um leið nýjar starfsleiðir. Hér á ég við gagnrýni feminista á greinina og þær kenningar og hugmyndafræði sem hún byggir á.

Feminismi er samheiti yfir ýmsar stefnur sem beita mismunandi greiningu, kenningum og aðferðum í baráttu sinni fyrir kvenfrelsi. Þeim er öllum sameiginleg vitund um misréttið og kúgunina sem karlar beita konur og reyna að koma af stað breytingum á þeim grundvelli. Gagnrýni feminista á félagsráðgjöf beinist annarsvegar að framkvæmdinni, þ.e. hvernig félagsráðgjafar starfa, og hinsvegar að kenningunum sem félagsráðgjöf byggir starf sitt á.

Ég ætla fyrst að víska lauslega að gagnrýni feminista á starf eða starfssvið félagsráðgjafa og vil taka fram að þeir feministar sem ég vitna hér til myndu trúlega skilgreina sig sem sósíalíska feminista. Þær leggja áherslu á að konur eigi ýmislegt sameiginlegt en annað, svo sem stétt og kynþáttur, aðgreini hagsmuni þeirra.



Elisabeth Wilson sem sjálf er félagsráðgjafi hóf gagnrýnin skrif um félagsráðgjöf og velferðina út frá feminísku sjónarhorni í bók sinni *Women and the Welfare State*, 1977. Hún tekur undir gagnrýni róttækra á taumhaldspátt félagsráðgjafar en undirstrikar að þetta taumhald hafi sérstakt form og innihald þegar konur eiga í hlut, þar komi það fram í að viðhalda óbreyttri stöðu kvenna. Hún heldur því fram að aðgerðir félagsráðgjafa miði að því að halda konum í umönnunarstörfum við aðstæður sem séu oft bæði andstæðar velferð kvennanna og þeirra sem umönnunarinnar njóta. Táknrænt fyrir félagsráðgjöf sem stofnun sé að undirstrika þá hugmynd að gildi kvenna felist í að endurframleiða vinnuafli sem geti uppfyllt kröfur vinnumarkaðarins. Hún telur einnig að þegar hamingja og öryggi kvenna stangast á við veldi karla og að halda fjölskyldunni saman sé algengt að félagsráðgjafar hvetji konur til að laga sig að aðstæðum, sem oft eru óþolandi, og vera ekki með uppsteit. Örvænti konur við slíkar aðstæður sé meginstefnan sú að skilgreina viðbrögð þeirra sem einstaklingsbundna vanhæfni og aðgerðir miðist við að þær nái aftur „stjórn“, geti haldið áfram þar sem frá var horfið.

Í bókinni *Private Violence and Public Policy*, sem kom út árið 1985 (Jan Pahl), skrifar Mary Maynard kafla um rannsókn sem hún gerði á því hvornig félagsráðgjafar bregðast við barsmíð karla á konum í fjölskyldum. Hún rannsakaði dagála á félagsmála-stofnun í Norður-Englandi, beitti tilviljanakenndu úrtaki og fékk þannig 103 dagála til skoðunar. Í 34 þeirra, eða 33%, var greint frá barsmíðum karla á eigin- eða sam-býliskonum. Hún greindi síðan aðgerðir félagsráðgjafanna varðandi barsmíðarnar og voru þær þessar:

Þrennum hjónum var vísað í hjóna-meðferð. Tvær konur voru lagðar inn á geðdeild. Einni konu var ráðlagt að fara í frí. Nokkrir félagsráðgjafar höfðu rætt vandamálið við hana eina án þess að hægt væri að sjá að sú umræða hefði leitt til nokkurs. Í langflestum tilvikum var ekkert gert. Tvisvar áttu félagsráðgjafar frumkvæði að því að ræða um skilnað en í sjö tilvikum, þar sem konumar hófu sjálfar máls á því, töldu félagsráðgjafarnir þær af því og bentu þeim á skyldur þeirra við börnin og tilfinningar eiginmannsins. Niðurstöður Maynards eru þessar:

1. Tilhneiging til að líta á frávik frá ótilgreindum gildum um skyldur kvenna sem húsmæður og eigin-konur sem sönnun á vanhæfni þeirra til að uppfylla skyldur sínar á viðunandi máta. Brestir í fjölskyldulífi eru skilgreindir sem einkavandamál kvenna sem þeim einum er ætlað að ráða bót á.

2. Trúverðugleiki kvennanna þegar þær lýsa heimilisáðstæðum er dreginn í efa og eru skýringarnar á þeirri vantrú, skv. skráningu félagsráðgjafanna, tilfinningalegur vanþroski og vanhæfni kvennanna.

3. Stuðningur við fjölskylduna sem stofnun eins og hún er og hefðbundna stöðu kvenna innan hennar. Þetta kemur fram í aðgerðaleyfi félagsráðgjafanna í öllu sem gæti leitt til þess að fjölskyldan rofni. Þeir einbeita sér að því að koma aftur á jafnvægi (equilibrium) í fjölskyldunni jafnvel þótt barsmíðarnar séu enn í gangi og það virðist andstætt hagsmunum konunnar.

4. Óbeinn stuðningur við yfirráð karla og taumhald þeirra á konum með því að taka gildar skýringar þeirra á ofbeldinu og hvetja konur til að skilja þær og bregðast við með því að bæta sig sem eigin-konur.

Niðurstöður Maynards styðja ályktanir Elisabeth Wilson sem áður er getið.

Fjöldi annarra feminista hafa síðan skrifað um félagsráðgjöf og konur og er niðurstaða þeirra svipuð, félagsráðgjöf stuðlar að því að viðhalda hefðbundnum hlutverkum kvenna og styrkir þannig stöðu karlveldisins á kostnað þeirra og viðheldur kúguninni.

Ég mun nú víkja að kenningagrunni félagsráðgjafar og gagnrýni feminista á helstu kenningar sem nú eru uppi.

Þrjár megin kenningaskólar hafa verið hornsteinar í félagsráðgjöf. Á þriðja áratugnum ruddu hugmyndir sálgreiningar um þróun persónuleikans sér til rúms og skipuðu veglegan sess innan stéttarinnar sem skýringar á félagslegu atferli allt fram á sjöunda áratuginn en þá var af alvöru farið að draga gagnsemi og réttmæti þeirra aðferða (psykoþerapíu) í efa.

Kerfiskenningar tóku við en almennt er talið að þær hafi orðið ríkjandi í stéttinni um 1968.

Á áttunda áratugnum komu svo fram hugmyndir róttækra félagsráðgjafar án þess þó að bilbug væri að finna á kerfiskenningunum.

En víkjum nú að gagnrýni feminista á ríkjandi kenningar.

Helen Marchant hefur í bókinni *Gender Reclaimed* (Marchant and Wearing, 1986) fjallað ítarlega um kerfiskenningar og kenningar róttækra félagsráðgjafar. Hún sýnir fram á skyldleika kerfiskenninga og samstöðuhugmynda.

Of viðamikil er að rekja greiningu Marchant hér en hún bendir á að með því að aðlaga kerfiskenningar félagsráðgjöf hafi þeim verið kippt út úr félagsfræðilegu sam-



hengi og kynntar sem vinnuáferð, leidd af kenningum. Fræðileg gagnrýni á grunni þeirra verði því erfið.

Ýmsir hafa gagnrýnt kerfiskennningar í félagsráðgjöf og bent hefur verið á að þær forðist að takast á við pólitíska þætti. Höfundar kenninganna, svo sem Pincus og Minahan, taka beinlínis fram að félagsráðgjafar hafi ekkert með pólitík að gera, það sé annarra að hugsa um hana. Því verði að álykta að kenningarnar séu fhalðssamar, þær komi ekki fram með neitt sem útskýri hagsmunaátök og valdamun og verði því að teljast hallar undir óbreytt ástand. Einnig hefur verið bent á að mikil áhersla sé þar lögð á fjölskylduna sem viðuráðanlegt viðfang félagsráðgjafa. Kenningarnar taki ekki heldur mið af stéttaskiptingu og áhrifum framleiðsluhátta á samskipti fólks né áhrifum kynþáttar. Á það hefur einnig verið bent að kenningarnar tengi allt við allt, allt hangi saman og því geti þær ekki skýrt neitt.

Marchant tekur undir þessa gagnrýni og bætir við hana. Hún bendir á að þar sem lögð er áhersla á það í kenningunum að félagsráðgjöf hafi ekkert með pólitík að gera hljóti allt sem snertir hið félagslega kyn (gender) einnig að vera útilokað. Ekki er fjallað um valda- og stöðumismun karla og kvenna og mismunandi hlutverk og vald kynjanna í fjölskyldunni, á vinnustöðum og í lífinu almennt eru ekki talin félagsleg ferli sem þurfi að greina eða taka mið af. Frávik frá viðteknum hugmyndum um gildi karla og kvenna eru hinsvegar talin óeðlileg þannig að kenningarnar styðja óbreytt ástand hvað varðar stöðu kynjanna. Kerfiskennningar eru því óhæfar sem fræðilegur grundvöllur starfs að mati Marchant.

Marchant telur hinsvegar að kenningar róttækra einkennist af ofur-

áherslu á stéttgreiningu á kostnað kyngreiningar. Síðasta bók Leonards, sem áður var minnst á, bæti þar nokkuð úr en samt skorti enn greiningu á hvernig stéttarhagsmunir, kyn og kynþáttur spila saman við mótun ýmissa sérkenna persónuleikans og einnig telur hún að greiningunni á því hvernig karlar beita valdi sínu í samskiptum við konur sé ábótavant. Loks bendir hún á karlaslagsföndu í báðum þessum kenningum og tilhneigingu til að kenna félagsráðgjöfum (konum) um það sem aflaga hefur farið í starfi í stað þess að rekja það til menntunar þeirra og kenninganna sem þar hafa verið ríkjandi.

Dominelli og MacLeod hafa einnig gagnrýnt kenningar róttæktrar félagsráðgjafar í nýrri bók sinni, *Feminist Social Work*. Þær eru á svipuðum nótum og Marchant en benda auk þess á að þessar kenningar hafi ekki metið að verðleikum hæfni skjólstaðinga til að gera sér sjálfir grein fyrir orsökum vanda síns. Í öðru lagi gefi kenningarnar enga vísbendingu um hvernig félagsráðgjafar geti unnið gegn kúgun kvenna í starfi sínu og í þriðja lagi hafi kenningasmíðirnir ekki skeytt um hvernig félagsráðgjafar geti unnið útfrá kenningunum, vísbendingarnar um það séu afar takmarkaðar. Kenningarnar skilji félagsráðgjafa því eftir í sömu stöðu og áður. Loks undirstrika þær að höfundarnir hafi ekki tekið tillit til þess að það eru fyrst og fremst konur, sem málið snýst um, konur sem félagsráðgjafar, konur sem veita umönnun og konur í meirihluta sem skjólstaðingar og allar búi þær við félagstengsl byggð á valdakerfi karla. Þar með séu möguleikar kvenna til andófs og breytinga innan félagsráðgjafar og utan sniðgengnir.

Hingað til hefur rauði þráðurinn í þessu erindi verið gagnrýni sem beinist að taumhaldinu í félagsráð-

gjöf og jafnframt því að greinin skapi félagsleg vandamál fremur en leysi þau. Til sögu hafa verið nefndir höfundar sem hafna ríkjandi kenningum og starfsáferðum félagsráðgjafa og telja hvort tveggja andstætt hagsmunum skjólstaðinga. En hvað hafa þeir að bjóða í staðinn?

Áður hefur verið minnst á að róttæku kenningarnar gefa félagsráðgjöfum ekki mikið svigrúm til að bregðast við og beita þeim í daglegu starfi. Þær hafa reynst mörgum félagsráðgjafanum „handlungs forlammende“ eins og danskurinn kallar það og er ég í þeirra hópi. Það er afskaplega vonlaust að sitja með fangið fullt af vandamálum og eiga að útskýra fyrir fólki að þau séu öll kapítalístunum að kenna og við verðum bara að bíða eftir að byltingin bresti á. Þetta er ekki sagt til að gera lítið úr skýringamætti kenninganna eða draga úr réttmæti gagnrýni þeirra.

## Nýir straumar

En hvað hafa feministar þá að bjóða? Þar er öllu vænlegra um að litast að mínu mati.

Í fyrsta lagi hafa feministar lagt grunn að því að endurskilgreina félagsleg vandamál með því að skoða hvaða áhrif þau hafa á líf kvenna út frá reynslu kvenna af þeim. Forsendan er að við viðurkennum að konur, líka við, búa við undirokun og valdaleysi. Að endurskilgreina vandamál felur einnig í sér að reynt er að koma á jöfnuði milli félagsráðgjafans og konunnar þannig að eigin reynsla tengist reynslu annarra kvenna. Þetta hefur leitt til mikilla breytinga á vinnuferlinu og valdahlutföllunum í slíkri vinnu. Í fyrsta lagi er skýringum sem gera vandamálin sjúkdóms- og einstaklingsbundin



hafnað og þau eru sett í félagslegt samhengi. Í öðru lagi er dregið úr stjórn og valdi „sérfræðingsins“ til greiningar á vandanum. Réttur konunnar er þar viðurkenndur og þar með fær hún rödd og áhrif í ferlinu. Ekki nóg með það, slík vinna hefur leitt í ljós félagsleg vandamál sem konur hafa löngum búið við en hafa ekki verið viðurkennd áður. Má þar t.d. nefna kynferðislegt ofbeldi af ýmsu tagi. Þar með verður ljóst að hið persónulega er hið pólitíska.

Vitundarvakningar-hópar eru gamalkunnir meðal feminista og hafa fengið nýja þýðingu í femínískri félagsráðgjöf. Þessi vinnuáferð, sem miðar að því að deila eigin reynslu með öðrum og upplifa þar með að aðrir eru að glíma við svipaða hluti og komast þannig að sameiginlegri niðurstöðu um orsakir vandans, opnar möguleika á að sjá eigin vanda í félagslegu samhengi. Slík vinna rýfur auk þess þá einangrun sem margar konur búa við og eykur samstöðu þeirra og styrk.

Allt þetta eykur vald kvennanna auk þess sem tilfinningaleg upplifun þeirra fær gildi félagslegra staðreynda sem þær geta beitt gegn staðreyndum „sérfræðinga“. Með öðrum orðum, tengslin sem myndast í vitundarvakningar-hópum hafa veitt konum nægan styrk til þess að draga í efa skilgreiningar og skilning fagmanna á aðstæðum þeirra, þar á meðal skilgreiningar á konum sem fórnarlömbum.

Femínískir félagsráðgjafar hafa einnig þróað nýjar aðferðir í samfélagsvinnu og einstaklingsvinnu og má finna lýsingar á þeim bæði í tímaritagreinum og bókum um efnið auk þess sem hér eru örugglega félagsráðgjafar sem eru að þreifa sig áfram með vinnu í þessum dúr. Femínísk félagsráðgjöf byggir í senn á hraðvaxandi fræðilegri umfjöllun og greiningu feminista á

stöðu og lífi kvenna og þeirri reynslu sem feministar hafa öðlast af því að vinna með konum að lausn þeirra vandamála sem flestar okkar glíma við í daglegu lífi.

En hvað um karlana, bæði félagsráðgjafa og skjólstaðinga, hvernig gagnast þeim femínísk félagsráðgjöf? Feministar hafa bent á að mikill meirihluti skjólstaðinga félagsráðgjafa er konur sem koma vegna eigin vandamála eða vegna vandamála annarra í fjölskyldunni. Auk þess er mikill meirihluti félagsráðgjafa konur, a.m.k. að frátöldum yfirmannastöðum. Ætla verður að karl-félagsráðgjafar vilji stuðla að félagsráðgjöf sem kúgar ekki meirihluta skjólstaðinga. Víða eru haldin námskeið fyrir karl-félagsráðgjafa til þess að auka næmni þeirra og skilning á kjörum kvenna. Femínískir félagsráðgjafar álíta að starf í anda þeirra auki hæfni til að vinna með karlkyns skjólstaðingum vegna þess að vandamál kvenna tengist körlum og batnandi hagur kvenna skili sér í betra lífi beggja kynja.

Hvað hafa þessar tilraunir femínískrar félagsráðgjafar að segja fyrir hefðbundna félagsráðgjöf?

Mér sýnist að í þeim felist löngu tímabær endurskoðun á hefðbundnu innihaldi þess sem við köllum í daglegu tali fagleg vinnubrögð. Að breyta innihaldi þeirra hefur ekki í för með sér slakari vinnubrögð eða minni þekkingu, þvert á móti, það verður m.a. til þess að:

— Í stað fjarlægðar milli „sérfræðings“ og skjólstaðings er lögð áhersla á nálægð, hvað er sameiginlegt í reynslu okkar og skjólstaðinga og hvað skilur okkur að, t.d. stétt, aldur og kynþáttur. Femínísk félagsráðgjöf tekur ekki aðeins afstöðu með skjólstaðingum heldur tekur hún einnig mið af þörfum og stöðu kvenna sem félagsráðgjafa.

— Í stað þess að halda í innbyggðan valdamun er leitast við að draga úr honum án þess að gera lítið úr honum.

— Í stað þess að við skilgreinum vandann eru skilningur og skilgreiningar skjólstaðingsins lögð til grundvallar og vald hans þar með aukið.

— Í stað þess að fagaðilinn sé „subjekt“ og skjólstaðingurinn „objekt“ miðar starfið að því að báðir verði „subjekt“.

Loks draga þessar hugmyndir úr þeim mótsagnakenndu aðstæðum sem fagfólk er í og er best lýst með hugmyndum innan félagsráðgjafar um að við getum skipt okkur í tvo ólíka persónuleika, annarsvegar eitthvað sem hefur verið nefnt vinnusjálfi og hinsvegar einkasjálfi.

## Félagsráðgjöf á Íslandi og framtíðin

Varla hefur það dulist nokkrum að ég aðhyllist þá nýsköpun sem ég tel felast í femínískri félagsráðgjöf. Áður en ég lýk máli mínu langar mig að víkja að félagsráðgjöf hér á landi eftir aldarfjórðungs starf félagsins okkar.

Hverjar eru hugmyndir Íslenskra félagsráðgjafa um starf sitt og eðli félagsráðgjafar? Erfitt er að alhæfa um það en nýlega barst mér í hendur plagg sem byggt er á viðtölum við Íslenska félagsráðgjafa um starf þeirra og hvað þeir telja félagsráðgjöf vera. Plagg þetta verður lagt til grundvallar starfslýsingu á félagsráðgjöf en kjarni þess er ofuráhersla á að tryggja félagsráðgjafanum stöðu sérfræðings sem metur þörf fólks og skammtar því þjónustu. Hér er lítið sýnishorn:

„Félagsráðgjafi hefur viðtöl við skjólstaðinga til þess að meta þörf og rétt þeirra á félagslegri þjónustu



og veitir þeim upplýsingar þar um; leitar eftir upplýsingum um líkamlega, andlega og félagslega þætti sem varða aðstæður skjólstaðings og leggur á þær mat."

„Sér um vistanir á stofnanir, svo sem skóla, sjúkrastofnanir og heimili fyrir aldraða og fatlaða; aðstoðar og hvetur skjólstaðing(a) til að öðlast skilning á vandamálum sínum og endurskoða viðhorf sín og atferlismynstur." (Starfslýsingar, 1989, 9. útgáfa eftir 9 viðtöl, 2.8.1989, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands).

Ég verð að segja að mér féllust hendur. Vilja íslenskir félagsráðgjafar skilgreina sig og vinna á þennan hátt? Viljum við vera upplýsingasafnarar og hliðverðir, deila út knöppum gæðum velferðarinnar, greina milli verðugra og óverðugra? Viljum við vera sérfræðingar þar sem annað fólk er viðfang þekkingar okkar og valds?

Gagnrýnin á félagsráðgjöf sem gagnrýnislaust taumhaldstæki varð harla nærtæk og mér varð hugsað til lýsinga Alfs Ronnby í Socialstaten á starfsaðferðum og hugmyndum félags-tæknihyggjunnar um hvernig leysa eigi félagsleg vandamál, en þær eru í stuttu máli þessar:

— Sffellt skuli aukið við þjónustustofnanir og þær sérhæfðar æ meir.  
— Með aukinni tækni í meðferð er hægt að stjórna félagslegum ferlum fyrirfram.

— Með því að skipuleggja sértækar meðferðaráætlanir og koma skjólstaðingnum gegnum meðferðarkeðjur er hægt að breyta honum og aðstæðum hans. Meðferðaráætlunin er gerð til þess að hafa stjórn á meðferðarferlinu, meðal annars tryggja að skjólstaðingurinn sé í meðferðinni og að hún stefni alltaf að markmiði.

— Meðferðarkeðjan nái til eins margra þátta í lífi skjólstaðingsins og mögulegt er, (menntunar, vinnu, húsnæðis, fjölskyldu) og teymi sérhæfðra starfsmanna hafi umsjón með starfinu og vinni skipulega saman.

— Skýringar á því að ekki hefur tekist að ráða niðurlögum félagslegra vandamála eru fyrst og fremst ónóg skipulagning og samhæfing hjálparkerfanna.

Teljum við í raun og veru að það sem hindrar okkur í að leysa félagsleg vandamál sé of lítil sérhæfing, of fáar stofnanir? Hverjum þjóna slíkar lausnir?

Er ekki líklegt að sú gerð félagsráðgjafar sem felst í starfslýsingunni og þau einkenni á félags-tæknihyggjunni sem ég sótti til Ronnby geri skjólstaðingana enn valdalausari í eigin lífi?

Getur verið að sjónarhorn, skilningur og mat skjólstaðinga á eigin vanda séu túlkuð á forsendum faghópanna en ekki þeirra sjálfra og að aðstoðin, sem í boði er, sé ekki í neinu samræmi við væntingar þeirra og þarfir og komi þeim því að litlu gagni?

Þær fáu rannsóknir sem fram hafa farið, annarsvegar á skilningi og aðgerðum félagsráðgjafa og hinsvegar skilningi skjólstaðinga á vanda sínum og reynslu af þeirri þjónustu sem þeim stóð til boða, benda eindregið í þessa átt. Að þekking á því hvernig þjónusta nýtist fólki, sem ætti að vera lykilatriði, leiðarljós í starfi og menntun félagsráðgjafa, skuli vera af jafn skornum skammti og raun er á sýnir að mínu mati annað hvort skreytingarleysi og faghroka eða hræðslu við það sem slíkar rannsóknir kynnu að leiða í ljós.

Er hugsanlegt að þetta sjónarhorn auki vald og áhrif faghópa á kostnað þeirra leiða sem venjulegt fólk hefur til lausnar á vanda sínum?

Viljum við vinna svona? Er mögulegt að við séum á villigötum, að við viðhöldum vandamálum fremur en stuðla að lausn þeirra?

Hvernig viljum við að félagsráðgjöf þróist, áfram í sömu átt eða viljum við feta okkur í átt til endursköpunar? Þessum spurningum verðum við að svara hvort sem vettvangur okkar er starf félagsráðgjafa eða menntun. Þessi ráðstefna er að mínu mati réttur vettvangur til þess að byrja að velja þessum spurningum fyrir sér og móta framtíðar starfs- og menntunarstefnu.

## Heimildir

- Wilson, E. *Women and the Welfare State*, Tavistock, London, 1977.
- McLeod, E. og Dominelli, L. *The personal and apolitical: feminism and moving beyond the integral methods approach*, í *Theory and Practice in Social Work*, Eds. Bailey og Lee, Basil Blackwell, Oxford, 1982.
- Hearn, J. *Notes on patriarchy, professionalisation and the semi-professions* í *Sociology*, 6, 2, pp 184-202, 1982.
- Leonard, P. *Personality and Ideology*, MacMillan, London, 1984.
- Maynard, M. *The response of social workers to domestic violence* í *Phal, J. ed. Private Violence and Public Policy*, Routhledge & Kegan Paul, London, 1985.
- Clark, C.L. og Asquith, S. *Social Work and Social Philosophy. A Guide for Practice*, Routhledge & Kegan Paul, London, 1985.
- Marchant, H. og Wearing, B. Eds. *Gender Reclaimed. Women in Social Work*, Hale & Remonger, Sydney, 1986.
- Hanmar, J. og Statham, D. *Women and Social Work. Towards a Woman-Centred Practice*, MacMillan, London, 1988.
- Dominelli, L. og McLeod, E. *Feminist Social Work*, MacMillan, London, 1989.



# Félagsráðgjöf: Rannsóknir og fagþróun

Sigrún Júlíusdóttir, yfirfélagsráðgjafi  
á Geðdeild Landspítalans



Félagsráðgjöf er ung starfsgrein og á ennþá erfitt uppdráttar sem fræðigreinin bæði vegna innri og ytri hindrana. Í þessari umfjöllun um rannsóknir í félagsráðgjöf er ætlunin að reyna að tengja saman hugtökin rannsóknir, rannsóknarnám og starfsgrein í þeim tilgangi að skýra mikilvægi og innbyrðis tengsl þeirra allra. Fyrsta hindrunin, sem þarf að yfirstíga þegar rætt er um þessa hluti á íslensku, felst í því að hér skortir mjög rithefð í greinum eins og félagsráðgjöf og á það ekki aðeins við um orðaforða og hugtök heldur einnig um samhengi og framsetningarmáta. Hér hefur verið reynt að leggja til atlögu við þennan vanda en hætt er við að lesandinn þurfi á stundum að taka viljann fyrir verkið.

Þegar fjalla á um rannsóknir í félagsráðgjöf verður ekki heldur komist hjá því að skoða sögu, þróun og stöðu greinarinnar. Ef ekki hefur tekist að fjalla um, greina og takast á við rótgrónar hindranir er gagnslaust að reyna að koma á fót rannsóknarnámi. Þá væri hlaupið yfir eitt þrep í framvindunni líkt og þegar reynt er að kenna fóstrum og kennurum að byggja upp og leiða foreldravíðtöl áður en tvíbentu viðhorfi þeirra, óöruggi og mótstöðu gegn breytingum á hefðbundnu gæslu- og kennsluhlutverki, hefur verið rutt úr vegi. Þannig

bendir Tommy Lundström á í grein sinni „Professionalism och socialt arbete“ (Lundström, 1989) að mikilvægara sé að rannsaka sögu og þróun félagsráðgjafar en að þræta um það hvort greinin eigi að verða fræðigreinin (profession) eða ekki.

Við þurfum að gera upp við okkur hvort við viljum standast kröfur samfélagsmanna um þekkingu, öguð vinnubrögð og fæmi eða byggja á sannfæringu, góðsemi og hyggjuviti einu saman. Um þetta heimspökilega atriði, hjálpsemina og góðmennskuna í hugmyndafræði hjálparstétta, hef ég skrifað annars staðar (Sigrún Júlíusdóttir, 1987).

Í þessari umfjöllun tek ég mið af þeirri staðhæfingu að *þróun og framtíðarstaða félagsráðgjafar sem sjálfstæðrar starfs- og fræðigreinar byggist á tengslum hennar við eigin fræðipekkingu og rannsóknir*. Hér er átt við rannsóknir sem tengjast störfum félagsráðgjafa á hvaða sviði sem er og varða starfsstéttina og greinina sjálfa. Þær mætti flokka í þrennt:

1. *Rannsóknir á viðfangsefnum félagsráðgjafa, þ.e. skjólstæðingum og aðstæðum þeirra*. Þetta eru rannsóknir sem færa hagnýta þekkingu eða vitneskju sem hægt er að byggja á til þess að skapa ný úrræði.

2. *Rannsóknir sem stuðla að breyttum og bættum vinnuaðferðum í einstaklingsmálefnum, fræðslu, samfélagsvinnu, hóp- og fjölskylduvinnu og við samþættingu þessara þátta*.

Þessir tveir flokkar og einkum sá fyrri eru ef til vill þau rannsóknasvið sem best hafa verið þróuð á sviði félagsráðgjafar og um leið viðurkenndust, einnig af öðrum. Þessar rannsóknir vísa okkur veginn um það hvernig við getum notað vitneskju sem þegar er fyrir hendi, greint og gagnrýnt eigin starfshætti. Á grundvelli þessara rannsókna geta félagsráðgjafar beitt hagkvæmari og áhrifameiri vinnuaðferðum, krafist videigandi aðgerða og haft áhrif á stefnumörkun. Hér getur t.d. verið um að ræða rök fyrir réttmæti þess að greiða út framfærslu skv. tölulegum útreikningum, þegar það á við, í stað langra viðtala um einkalífið eða á hinn bóginn nauðsyn vandaðrar greiningar strax í upphafi í þeim tilgangi að geta boðið önnur úrræði en peninga- aðstoð þegar t.d. er um að ræða trufluð fjölskyldutengsl eða samskiptaerfiðleika sem höfuðvanda (Mattinson og Sinclair, 1979).

3. *Rannsóknir sem beinast að þróun starfsgreinarinnar sem slíkrar, þ.e. hugtakamyndun og skilgreiningum og ekki aðeins breyttum*



heldur *nýjum* vinnuaðferðum, viðhorfsbreytingum og síðfræði.

Flestir virðast sammála um þessa skilgreiningu á rannsóknum í félagsráðgjöf, þ.e. hvað ber að rannsaka. En það sem menn hefur greint á um til skamms tíma er *hverjir* eiga að vinna að þessum rannsóknum - félagsráðgjafarnir sjálfir eða aðrir - og það sem ennþá er umdeilt er *hvar* eigi að stunda þær - innan háskóla eða annars staðar og *hvers konar* rannsóknaraðferðum skuli beitt. Það eru einkum tvö síðastnefndu atriðin sem ég ætla að gera að viðfangsefni hér.

Til þess að renna stoðum undir upphaflega staðhæfingu um að *þróun og framfarir* staða félagsráðgjafar sem sjálfstæðrar starfs- og fræðigreinar byggist á tengslum hennar við eigin fræðipækkingu og rannsóknir ætla ég að bregða ljósi á söguna og þá strauma sem hafa markað þróunina. Fjallað er um rökin með og á móti rannsóknabætti í hagnýtri starfsgrein og rannsóknir í félagsráðgjöf tengdar við þróun vísinda, þekkingarfræði og rannsóknaraðferða. Ennfremur er fjallað um notkunarsjónarmiðið sem er hið miðlæga, nýja viðtak (paradigm) í rannsóknum á sviði félagsráðgjafar.

### Hugmyndafræðilegur ágreiningur

#### Þróun og umræða í öðrum löndum

Á Norðurlöndum hefur áherslan á rannsóknir í félagsráðgjöf verið all mismunandi en í heild hefur þróunin verið nokkru hægari en t.d. í Bretlandi og Bandaríkjunum (Swedner, 1985). Hér verður ekki fjallað sérstaklega um íslenskar aðstæður, bæði vegna nálægðarinnar og þar sem það yrði of umfangsmikið. Í stuttu máli má segja að námið hér er yngst og skipulag þess gjörólíkt því sem er á hinum Norð-

urlöndunum. Það tengist frá upphafi grunnnámi í félagsvísindadeild Háskóla Íslands að viðbættu einu ári þar sem hin eiginlega félagsráðgjöf kemur til skjalanna. Námið er því í heild u.þ.b. fjögur ár en óhætt er að segja að illa er búið að kennslukröftum og allri aðstöðu og hefur heldur lítil umræða farið fram um það.

Í Finnlandi tengdist félagsráðgjafarnámið og þar með rannsóknir frá upphafi almennum félagsvísindadeildum háskólanna og þá fyrst og fremst félagsfræði og félagsmálafestefnu (socialpolitik). Þar virðast félagsmálafestefna og félagslegar rannsóknir hafa þróast í frjóu samspili en nokkuð einangraðar frá daglegum störfum á mörkinni. Æ fleiri fulltrúar þeirra höfðu nú til hins daglega og vilja fá jarðsamband og heildarsýn eða það sem A.L. Matthies kallar umhverfis- eða vistfræðilega tengingu (Matthies, 1987).

Í Danmörku og Noregi hefur námið alfarið miðast við hagnýta starfsmenntun og grunnnámið er styttra en í Svíþjóð, Finnlandi og á Íslandi.

Í Noregi er félagsráðgjafarnámið að mestu í sérskólum en allir skólamir búa að kennslukröftum með háskólamenntun og þar er að einhverju marki fengist við rannsóknir. Tveir af skólunum, DIASOS og NKHS, hafa eigin rannsóknadeildir og veita þjálfun í rannsóknarvinnu. Í Þrándheimi hefur þriggja ára framhalds- og rannsóknarmenntun verið veitt við Institutt for høyere sosionomutdanning frá árinu 1974. Yfirvöld menntamála í Noregi hafa um tíma rætt samruna allrar æðri menntunar og rannsókna í eina námsstofnun (NOU 1988:28). Rökin eru þau að aðgreining námsgreina leiði til lokunar eða byggji upp fagmúra og auk þess sé nauðsynlegt að draga úr einokun vissra greina á ákveðnum sviðum í

krafti fagmennskunnar. RSU (Rådet for Sosialarbeiderutdanning) samþykkti í vor tillögur í sama anda (Rapport fra Norge, 1989). Þetta er umdeilt og má vissulega sjá kosti og galla beggja sjónarmiða. Bent hefur verið á að yngri greinar þurfi fremur á því að halda að mótast sjálfstætt, m.a. til þess að geta þróað eigin starfsmynd. Samruni muni hins vegar vera til þess fallinn að efla skilning og þekkingu á öðrum starfsgreinum og sameiginlegir námsþættir mundu skapa forsendur fyrir gagnkvæmri virðingu og betra samstarfi á mörkinni að námi loknu.

Í Danmörku hefur verið ríkjandi andstaða gegn því að tengja námið háskóla (universitet) og þar með rannsóknarnámi. Undantekningin er félagsráðgjafarnámið við Ålborg Universitetscenter þar sem allir kennarar hafa rannsóknaskyldu og -réttindi. Þar er námið þrjú og hálf ár en við almennu félagsráðgjafarskólana er það aðeins þrjú ár. Árskursus, sem er eins árs endurmenntunamám, er starfrækt bæði við Árósa- og Kaupmannahafnar-skólann. Þar geta félagsráðgjafar með starfsreynslu bætt við sig fræðilegri þekkingu og unnið að fræðilegum verkefnum. Nú í haust átti í fyrsta sinn að bjóða eins árs viðbótarnám við árskursus með sérstakri áherslu á rannsókn- og matsaðferðir í félagsvísindum. Markmiðið er að efla færni til að vinna með og nýta sér rannsóknaraðferðir og rannsóknandiúrustöður á félagslega sviðinu í því augnamiði að efla félagsráðgjöf sem fræðigreina (Rapport fra Danmark, 1989).

Um áraradur hefur talsvert verið um rannsóknir á sviði félagsmála í Danmörku en þær hafa verið unnar af öðrum en félagsráðgjöfum og ber þá fremst að nefna Dansk sosialforskningsinstitut þar sem félagsfræðingar, sálfræðingar og lögfræðingar hafa lagt fram drjúgan



skerf til að draga fram mynd af eðli og umfangi ýmissa félagslegra vandamála, ekki síst á sviði fjölskyldumálafna.

Í Svíþjóð, gagnstætt flestum öðrum löndum, má segja að áhersla hafi snemma verið lögð á rannsóknir eins og heiti fyrstu námsstofnunarinnar í félagsráðgjöf þar ber merki: „Institut för socialpolitisk och kommunal utbildning och forskning“ (leturbreyting mfn). Allra fyrsti vísirinn að námi þar var þó svipað og annars staðar tengdur kirkjunni og Hjálpræðishemum og fyrstu sérskólarnir, sem stofnaðir voru á tímabilinu 1920-1948, höfðu engar fjárveitingar til rannsóknaridkana. Um 1970 voru félagsráðgjafarskólarnir (socialhögskolor) tengdir inn í háskólana sem sérgreinar, „socialt arbete“, og tilheyra síðan félagsvísindadeildum háskólanna. Próffessorsstöðumár í félagsráðgjöf eru nú orðnar 5 við 4 háskóla. Umræðan þar snýst ekki lengur um hvort námið skuli vera á háskólastigi og tengjast rannsóknnum heldur á hvern hátt og hvers konar rannsóknir skuli stunda. Þessar fjórar háskólastofnanir hafa hver um sig 5-8 fastar stöður og 25-40 eru innritaðir í doktorsnám. Aðeins fáir hafa þó lokið doktorsprófi. Í þessum háskólum hafa þróast misjafnar áherslur og skal þeirra getið stuttlega:

Gautaborgarstofnunin, sem er elst, hefur fyrst og fremst orðið fyrir áhrifum af alþjóðlegri „aktionsforsknings“-hefð og leitast hugmyndafræðilega við að móta vettvangsrannsóknir í þeim anda.

Stokkhólmssstofnunin hefur lagt áherslu á að tengja umfangsmeiri (kvantitatífir) vinnuárkaðs- og velferðarrannsóknir gagnrýnum matsrannsóknnum og þekkingarfélagsfræðilegri kenningaþróun.

Umeåstofnunin, sem er minnst, miðar að því að tvíanna saman velferðar- og samfélagsathuganir og félagssálfræðilegar rannsóknir til grundvallar starfi með einstaklingum og fjölskyldum.

Stofnunin í Lundi er yngst (4ra ára). Í rannsóknnum þar er fengist við skipulag og áhrif ýmissa meðferðarforma og þjónustu fyrir einstaklinga. Ennfremur er þar fengist við hugmyndafræði og þekkingarsköpun á félagslega sviðinu.

Óhætt er að segja að á reglulegum sameiginlegum ráðstefnum félagsráðgjafarskólanna verði þær raddir æ fleiri og háværi sem leggja áherslu á nauðsyn rannsóknarþáttarins og háskólatengsla.

Víkjum þá að þróuninni utan Norðurlanda. Í Bretlandi var félagsráðgjöf strax í upphafi á háskólastigi. Fyrsta námið fyrir forstöðumenn fátækrahæla var við London School of Economics en með því var vísitandi og skipulega verið að bæta faglega stöðu félagsráðgjafa og skapa forsendur fyrir „vandaðri starfsþjálfun á vísindalegum grunni“ (Nilsson og Sunesson, 1988).

Í Vestur-Þýskalandi hefur námið frá upphafi verið og er ennþá skýrt aðgreint frá vísindamennsku og rannsóknanámi og kennaramir sjálfir hafa yfirleitt ekki þjálfun í rannsóknastörfum. Rannsóknir sem tengjast daglegum störfum félagsráðgjafa á mörkinni eru aðallega stundaðar innan annarra greina í háskóla, t.d. félagsfræði og uppeldisfræði.

Í Bandaríkjunum eru margvíslegir straumar að verki. Rannsóknir tengdust í fyrstu hreinni félagsfræði og fólust einkum í úttektum með skýrslum og greinargerðum og svokallaðri „slum sociology“, en lítið var um greiningar. Þetta tengist

auðvitað fhalðssamri félagsmála-stefnu og mjög ópólitískri og ómeðvitaðri stöðu almennra félagsráðgjafa sem rekja má til þjóðfélagsgerðarinnar. Nokkrir háskólar í Bandaríkjunum hafa þó þróað nútíma rannsóknarþjálfun allt frá 1960 og er þar unnið markvisst að því að rannsóknir tengist starfinu og séu jafn vandaðar og í öðrum háskólagreinum. Þar hafa verið fremstir í flokki Columbia-háskóli, Michigan-háskóli og Berkeley.

Í nokkuð gagnrýninni bandarískri skýrslu frá „Council on Social Work Education“ frá 1979 (Rubin and Rosenblatt, 1979) er harmað að þróunin sé uggvænleg, að vísu með nokkrum mikilvægum undantekningum. Doktorsritgerðir í félagsráðgjöf séu skrifaðar í persónulegum tilgangi til þess að sanna að félagsráðgjafar geti náð eins langt og aðrir en alla raunverulega tengingu við þróun greinarinnar vanti. Sé þetta rétt hefur þó orðið mikil breyting á sl. 15-20 ár, m.a. fyrir áhrif frá háskólunum þrem sem vörðuðu rannsóknavegin að verðugum markmiðum. Þannig eru nú rannsóknir orðnar viðurkenndur þáttur í félagsráðgjöf víðast hvar í Bandaríkjunum. Þó örlar ennþá á neikvæðni og sumstaðar jafnvel á fjandskap í garð þeirra. Annars vegar er þetta vegna óttans við að skólarnir kunni þá að útskrifa „of hæft“ fólk sem ekki nýtist til hagnýtra starfa og/eða að rannsóknir geti leitt til þess að haggjað verði við rótgrónum starfsaðferðum og hefðbundnum fagmennskuhugmyndum (casework) og síðast en ekki síst að hætta sé á að rannsóknir sem raunverulega brjóta til mergjar samhengi félagslegra vandamála kunni að hafa alvarlegar pólitískar afleiðingar. Við flesta viðurkennda háskóla í Bandaríkjunum hefur tengingin kennsla - starf - rannsóknir náð viðurkenningu. Hugmyndafræðin að baki slíkri áherslu er að vinna gegn fíringu en samþætta